

Eignatrygging lausafjár er samsett trygging þar sem brunatrygging er grunnurinn. Til viðbótar við hana er hægt að velja vatnsjóns- og innbrotstryggingar. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI	BRUNATRYGGING	1
2. KAFLI	VATNSTJÓNSTRYGGING	1
3. KAFLI	INNBROTSTRYGGING	1
4. KAFLI	ALMENN ÁKVÆÐI	2

Vátryggðir eru vátryggingartaki og fjölskylda hans. Til fjölskyldu vátryggingartaka telst maki hans eða sambúðarmaki og ógift börn þeirra sem hafa skráð sameiginlegt lögheimili á Íslandi, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

1. KAFLI BRUNATRYGGING

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á vátryggðu innbúi af völdum bruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar eða skyndilegs sótfalls frá eldstæðum eða kynditækjum. Einnig bætir vátryggingin tjón sem orsakast af slökkvi- og björgunaraðgerðum. Einnig bætist nauðsynlegur flutningur í sambandi við bótaskyld tjón svo og ef munir glatast við ofangreinda atburði.

2. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

- Sviðnun eða bráðnun, sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárnri, frá stæðum eða þess háttar, né tjón á munum sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.
- Tjón á rafmagnstækjum vegna rafmagnsfyrirbæra svo sem skammhlaups.

2. KAFLI VATNSTJÓNSTRYGGING

Vátrygging þessi er sértrygging sem hægt er að taka sem viðbót við brunatryggingu gegn aukagjaldi.

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna tjóns af völdum vatns eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins svo og vatnsrúmmum og fiskabúrum. Einnig bætist nauðsynlegur flutningur í sambandi við bótaskyld tjón svo og ef munir glatast við ofangreinda atburði.

4. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

- Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo og grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar, eða vatns, sem þrýstist upp úr skolpleiðslum. Vátryggingin bætir þó slíkar skemmdir, ef þær verða beinlínis raktar til þess að leiðsla stíflast eða springur innanhúss.
- Tjón vegna vatns eða annars vökva frá niðurföllum eða þakrennum.
- Tjón sem verður á vatnsrúmmum eða fiskabúrum vegna útstreymis vatns frá þeim.

5. gr. Varúðarregla

Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að í óupphituðum húsum sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og að vatnslögn ásamt viðtengdum tækjum sé tæmd þegar hætta er á frosti.

3. KAFLI INNBROTSTRYGGING

Vátrygging þessi er sértrygging sem hægt er að taka sem viðbót við brunatryggingu gegn aukagjaldi.

6. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna:

- Innbrots í læsta íbúð, herbergi, loftgeymslu, kjallarageymslu eða sumarbústað með því að brjóta upp læsingu eða með stolnum lykli eða fer inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu og stelur þar eða veldur skemmdum á hinu vátryggða. Það er forsenda bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.
 - Skemmda á fasteign í sambandi við innbrotið, að undanskildum brotnum rúðum, allt að 5% af vátryggingarfjárhæðinni.
 - Tjóns á vátryggðum munum vegna ráns eða líkamsárásar.
- Einnig bætist nauðsynlegur flutningur í sambandi við bótaskyld tjón svo og ef munir glatast við ofangreinda atburði.

7. gr. Undanþágur

Vátryggingin bætir ekki:

- Tjón vegna þjófnaðar, sem framinn er af einhverjum hinna vátryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra.
- Tjón vegna þjófnaðar úr tjöldum eða tjaldvögnum.
- Tjón vegna afnotamissis eða annars óbeins tjóns.

8. gr. Varúðarregla:

Dyr, gluggar og önnur op inn á váttryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

4. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI**9. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir á heimili váttryggingartaka sem skráð er á váttryggingarskírteini. Váttryggingin tekur jafnframt til búsmuna sem eru hérlendis utan heimilis váttryggingartaka, en þá takmarkast bætur við 15% af váttryggingarfjárhæðinni.

10. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Váttryggingin tekur til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu hinna váttryggðu og sem telst ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Með almennu innbúi er átt við lausafjármuni sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Váttryggingin nær einnig til almenns viðlegubúnaðar og tómsundaáhalda.

Með sérgreindu innbúi er átt við eftirfarandi muni á heimili váttryggingartaka:

- Málverk, listaverk, myndavélar, upptökuvélar, sjónauka, hljóðfæri, hljómtæki, sjónvarpstæki og tölvur ásamt fylgihlutum framangreindra tækja.
- Peninga, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn.

Sérgreint innbú bætist að hámarki 1% af váttryggingarfjárhæð vegna hvors liðar nema skartgripir sem bætast allt að 5% váttryggingarfjárhæðarinnar.

Eftirfarandi fellur ekki undir váttrygginguna en hægt að váttryggja sérstaklega:

Dyr, skráningarskyld vélknúin ökutæki, óskráningarskyld vélknúin ökutæki með aflvél yfir 5 kw., skráningarskyldar vinnuvélar, hjólhýsi, tjaldvagnar, bátar eða hlutir sem tilheyra nefndum tækjum.

11. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur miðast við, að svo miklu leyti sem unnt er, að fjárhagsleg staða váttryggðs verði hin sama og fyrir tjónið. Þegar bætur eru greiddar með peningum nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða. Bætur greiðast jafnan á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan. Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinnna muna hefur félagið heimild til þess að styðjast við eftirfarandi afskriftarreglur:

	Ár án aldursfrádráttar	Eftir það árlegur frádráttur
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Gleraugu	1 ár	10%
Rafmagnstæki	1 ár	20%
Tómsundaáhöld	1 ár	15%
Myndavélar	2 ár	10%
Reiðhjól	1 ár	20%
Skíða- og viðlegubúnaður	1 ár	20%

Frádráttur getur þó hæstur orðið 70%. Bætur vegna hvers kyns miðla til afritunar takmarkast við verð á nýjum óáteknum miðlum. Stolnir eða glataðir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjónið, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið muninum ef hann óskar þess, með því að endurgreiða bæturnar. Félaginu er heimilt að krefjast framvísunar á skemmdum munum sem bættir hafa verið að fullu.

Tölvur og spjaldtölvur afskrifast um 25% á 12 mánaða fresti frá kaupdegi til tjónsdags og afskrifast að fullu á 5 árum. Símar, snjallsímar og fylgihlutir þeirra afskrifast um 20% á sex mánaða fresti frá kaupdegi til tjónsdags og afskrifast að fullu á 30 mánuðum.

Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins váttryggða greiðast ekki bætur. Minjagildi og töpuð gögn bætast ekki.

Skilmálar þessir gilda frá 02. október 2019